

G J A L D S K R Á

fyrir sorphirðu á Höfn árið 1992.

1. gr.

Bæjarfélaginu Höfn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1992.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílat sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

Gjald dagar og eindagar eru þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald, sem miðast við áætlaðan fjölda sorpíllata að mati bæjarráðs Hafnar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1992 er sem hér greinir:

Sorphreinsigjald	kr. 3 750
Sorpeyðingargjald	kr. 1 250
Samtals sorphirðugjald	kr. 5 000

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfisstjórnuneytið, 25. febrúar 1992.

F. h. r.

Páll Línal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

A U G L Ý S I N G

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar hefur verið ákveðið að banna alla umferð ökutækja lengri en 8 metra (heildarlengd) um Norðurgötu norðan Grenivalla.

Ákvæði þetta tekur gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 22. febrúar 1992.

Elías I. Elíasson.